

## **Orðanefnd læknafélaganna**

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 29. júní 2017 kl. 9:30, en þetta var 53. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar (27. apríl 2017) var samþykkt.

### **2. Orðabókarvinnan**

Rætt var áfram um útgáfu þriðja heftis „Orðasafns í líffærafræði“. JHJ lagði fram skjöl með færslum um 31 helstu slagæðar efri útlíms og 52 helstu slagæðar neðri útlíms þar sem búið var að setja inn skilgreiningar. Hannes Petersen hefur þegar fengið þessi skjöl til almenns yfirlstrar, og þá sérstaklega með tilliti til skilgreininga hugtakanna og þess hvaða æðar verða teknar með í heftið.

### **3. Önnur mál**

Rætt var um tvær einfaldar fyrirspurnir sem hafa borist nefndinni og svör við þeim. ÁP sagði frá könnun meðal notenda orðabankans sem gerð var í maí. Alls bárust rúmlega 300 svör og úr þeim má lesa ýmsar gagnlegar upplýsingar um notendur orðabankans. Einnig er þar að finna gagnlegar ábendingar um ýmislegt sem betur má fara.

### **4. Næsti fundur**

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 21. sept. 2017 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlstrar.

Fundi var slitið um kl. 10:45.